



## Minnisblað

Tilv.: 1.531.206

16.12.2014

Dalabyggð

Bogi Kristinsson, byggingarfulltrúi

Efni: Urðunarstaður að Höskuldsstöðum, sýnataka úr grunnvatni og yfirborðsvatni í nóvember 2014

Þann 19. nóvember 2014 fór fram sýnataka úr þremur grunnvatnsholum í nágrenni við gamla malarnámu að Höskuldsstöðum í Laxárdal, þar sem fyrirhugað er að nýr urðunarstaður verði fyrir Dalabyggð. Einnig voru tekin sýni úr læk austan við námuna. Yfirlitsmynd af sýnatökustöðum er aftast í þessu minnisblaði. Tilgangur sýnatökunnar var að afla upplýsinga um grunnástand grunnvatns og yfirborðsvatns á svæðinu, áður en urðun sorps hefst. Niðurstöður efnagreininga er að finna í töflu 1.

Ákvörðun um hvaða eðlis- og efnisþættir voru greindir í þessum sýnum byggði á tillögum Mannvits um vöktunaráætlun, sem lögð hefur verið fram í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Í ljósi þess að einungis verður urðaður óvirkur úrgangur á fyrirhuguðum urðunarstað er lagt til, að fylgst verði með eftirfarandi þáttum, tvisvar á ári:

Efni	Losunarmörk
NH <sub>4</sub> <sup>+</sup>	10 mg/l
NO <sub>3</sub> <sup>-</sup>	50 mg/l
Súrefnisþörf (COD)	200 mg/l

Einnig er gert ráð fyrir að eðlisþættir eins og sýrustig (pH), hitastig (°C) og leiðni (μS/cm) verði greindir. Framangreindar tillögur taka mið af útgefnu starfsleyfi fyrri urðunarstaðar Dalabyggðar sem og kröfum í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

## Niðurstöður

Frágangi holu 4 var ekki lokið þegar sýnataka fór fram þann 19.11.2014. Því var ekki mögulegt að taka sýni úr henni en holur 1 til 3 voru hins vegar tilbúnar. Samhliða sýnatöku voru holutoppar mældir inn með nákvæmum GPS tækjum út frá fastmerkjum Vegagerðarinnar, nr. 904 og 906, við veg 59 um Laxárdal. Þar eð hæð holutoppa 1 til 3 er nú þekkt í landshæðarkerfi, má reikna grunnvatnshæð við hverja holu. Samkvæmt mælingum þann 19.11. var meðalgrunnvatnshæð á svæðinu 36,43 m y.s., halli grunnvatns 6.6 o/oo og stefna grunnvatnshalla 358° eða nokkurn veginn beint í norður. Stefnan er sýnd sem ör á yfirlitsmynd aftast í þessu minnisblaði.

Það er helst um niðurstöður efnagreininga að segja, að þær endurspeglar grunnástand að haustlagi, áður en urðun úrgangs hefst. Bæði grunnvatn og yfirborðsvatn mælist næringarefnafátækt eða með lágt næringarefnagildi. Hins vegar er rétt að benda á, að megna olíulykt lagði af vatni úr holu G1, ekki ósvipaða og finna má af þykkri smurolíu (gírolíu). Olíukeimur var úr öðrum holum. Rætt hefur verið við borverktaka um, hvort olía hafi hugsanlega farið niður við borun en hann segir það ekki hafa gerst. Mjög óvenjulegt er að slík olíulykt sé af grunnvatni og allar líkur á, að hún stafi af olíumengun frá fyrri tíð.


Virðingarfyllst,

Sverrir Óskar Elefsen



Tafla 1. Niðurstöður efnagreininga á grunnvatni og yfirborðsvatni í nágrenni fyrirhugaðs urðunarsvæðis Dalabyggðar að Höskuldsstöðum, Laxárdal.

Höskuldsstaðir, Laxárdal Dags. kl.	VATNSHÆÐ m y.s.	SÝNATAKA m y.s.	LYKTARMAT -	SJÓNMAT -	VATNSHITI °C	SÝRUSTIG @25°C pH	RAFLEIÐNI @25°C µS/cm	NÍTRAT (NO <sub>3</sub> -N) mg N/L	AMMÓN. (NH <sub>4</sub> -N) mg N/L	O <sub>2</sub> ÞÖRF (COD) mg O <sub>2</sub> /L
Hola G1 19.11.2014 16:15	36.50	33.2	megn olíulykt	mýrarlitur	4.9	7.6	130	0.007	0.012	0.74
Hola G2 19.11.2014 15:30	35.95	33.6	olíukeimur	ljósgrænt	5.5	7.8	150	0.036	0.032	0.64
Hola G3 19.11.2014 15:00	36.82	33.7	olíukeimur	mýrarlitur	5.3	7.7	180	0.058	0.028	<0.50
Lækur, Y1 19.11.2014 17:00	-	-	engin	tært	5.7	7.7	120	0.010	0.024	0.73
Lækur, Y2 19.11.2014 17:15	-	-	engin	tært	5.6	7.7	120	0.014	0.034	0.69
<b>Losunarmörk skv. tillögu MV</b>								<b>11.3</b>	<b>7.8</b>	<b>200</b>



Hnitpunktar grunnvatnshola		
Id	X	Y
1	374265.783	515516.492
2	374335.486	516503.412
3	374450.844	515476.63
4	374648.157	515298.69

Hnitpunktar urðunarsvæðis		
Nr	X	Y
1	374410.167	515637.631
2	374469.992	515575.878
3	374415.134	515522.732
4	374392.254	515469.107
5	374361.362	515439.178
6	374307.047	515495.242
7	374350.536	515537.373
8	374371.215	515599.896



Heimildir: LMI IS 50V  
 Hnitakerfi: ISN93  
 Verknúmer: 1.561.206  
 Höfundur: HBH  
 Siðast vístað: 16.12.2014  
 Siðast útgefið: 16.12.2014  
 Skrá:  
 höskuldsstaðir\_urðunarsvæði.mxd

**Höskuldsstaðir**  
 Urðunarsvæði